





Reykjavík, 7. ágúst 2025
USK25040125

Skútuvogur 8 – Byggingarleyfisumsókn

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 17. júlí 2025 var lagt fram erindi fá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 8. júlí 2025 þar sem sótt er um leyf til þess að reisa frístandandi skilti, 4,0mx1.5x0.2m að stærð, við lóðamörk til norðurs á lóð nr. 8 við Skútuvog.



innendum uppdrætti dags. 26. mars 2025

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulaginu tilheyrir Skútuvogur 8 borgarhluta 4 Laugardalur og er á skilgreindu miðsvæði M9 – Sæbraut ofan Sundahafnar.

Um miðsvæði segir í aðalskipulagi:

Á miðsvæðum er fyrst og fremst gert ráð fyrir verslunar og þjónustustarfsemi, stjórnsýslu og skrifstofum en einnig íbúðum, einkum á efri hæðum bygginga. Miðsvæði þjóna ýmist öllu landinu, höfuðborgarsvæðinu öllu eða nokkrum íbúðarhverfum. Á miðsvæðum fer almennt fram fjölbreyttari starfsemi en rúmast á verslunar- og þjónustusvæðum (VP). Veitingastaðir í flokki I, II og III eru almennt heimilir, svo og gististaðir í flokki I–IV. Takmarkanir varðandi veitingastaði og gististaði eru tilgreindar í skilgreiningum fyrir einstök svæði. Í aðalskipulaginu eru miðsvæði borgarinnar flokkuð niður eftir stefnu um meginstarfsemi. Um hvert svæði gildir ákveðin stefnumörkun og grundvallast hún á mismunandi hlutverki þeirra og staðsetningu í borginni.

Í aðalskipulagi eru einni sérákvæði um svæði M9:

Einkum gert ráð fyrir rýmisfrokri verslun, heildsölu, þjónustu og léttum iðnaði. Nýjar matvöruverslanir eru ekki heimilar. Íbúðir, hótél og gistiheimili eru ekki heimil. Ef ákveðið er að breyta aðalskipulagi vegna nýrrar matvöruverslunar skal meta áhrif hennar á matvöruverslun í nærliggjandi íbúðarhverfum og gera grein fyrir í deiliskipulagi. Sjá nánar stefnu um matvöruverslanir í kafla 19.5.

Deiliskipulag: Ekkert deiliskipulag er í gildi á svæðinu og þarf því að grenndarkynna allar byggingarleyfisskyldar framkvæmdir.



Reykjavík



Umsögn

Sótt er um byggingarleyfi til þess að fá að koma fyrir skilti sem er 4 m á hæð og 1.5 m á breidd, skiltið er ekki upplýst. Skiltið er því 6 m².

Í kafla 4.3.1. um Þjónustuskilti á miðsvæðum og þjónustukjörnum segir:

Heimilt að setja upp upplýst og óupplýst þjónustuskilti sem auglýsir þjónustu verslunar eða fyrirtækis innan lóðar viðkomandi rekstraraðila. Hámarksstærð 4m², nema ef um stakstæða stafi er að ræða þá er hámarksstærð 6m², bent er á almenn ákvæði að skilti byrgi ekki fyrir fasöðu eða sérstök einkenni húsa. Ef nöfn margra fyrirtækja koma fram á húshlið skal samræma útlit og frágang þjónustuskilta.

Í kafla 4.3.3. um frístandandi skilti á miðsvæðum og þjónustukjörnum:

Frístandandi skilti (þjónustuskilti, veggspjöld) eru heimiluð, stærð og fjöldi miðast við ákvæði hér að ofan.

Í kafla 4.3.3. er verið að vísa í kafla 4.3.1.

Miðað við ákvæði í samþykkt um skilti í Reykjavík eru því frístandandi skilti ekki heimiluð nema þau séu undir 4 m².

Í umsókn er beðið um undanþágu frá samþykkt um skilti í Reykjavík. Ekki eru veittar undanþágur frá þeirri samþykkt.

Niðurstaða

- Gerðar eru skipulagslegar athugasemdir við erindið, samræmist ekki samþykkt um skilti í Reykjavík.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Birgitta Rut Skúlad. Hjörvar

verkefnastjóri



Reykjavík